

Jákvæður agi

Í starfi okkar leggjum við til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist Jákvæður agi (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum, sem fela það í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.

Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni

- Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðvelda að finna lausnir til frambúðar.
- Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.



Sjálfsstjórnarkenningar

Jákvæður agi er uppeldisstefna byggð á sjálfsstjórnarkenningum

Höfundar:

- Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl.

Það sem stýrir hegðun:

- Fólk er knúið áfram af innri þörfum – að tilheyra.

Við höfum mest áhrif:

- Þegar við höfum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu.

Áhrifamestu verkfærin eru:

- samhygð, skilningur, þrautalausnir, góðvild og festa.

Virðing er:

- gagnkvæm, í samskiptum eiga allir aðilar skilið virðingu.

Viðbrögð við óæskilegri hegðun:

- Að leita orsaka, finna lausnir og fylgja ákvörðunum eftir.

Viðbrögð við hættulegri hegðun:

- Skýr eftirfylgd og rökréttar afleiðingar.

Nám fer fram þegar:

- barn upplifir tilgang, sjálfsstjórn, þátttöku.

**Jákvæður agi er að sýna *góðvild*
og festu á sama tíma**

Mistök eru tækifæri til að læra

Mikilvægt er að kenna börnum að losna við sektarkennd, skömm og ásakanir eftir að hafa gert mistök. Að geta beðist afsökunar á mistökum og fundið út í sameiningu hvernig hægt er að læra af þeim bætir oft samskipti og þau geta orðið betri heldur en þau voru áður en mistökin voru gerð.

Þegar við gerum mistök er best að:

V – viðurkenna

ég gerði mistök

A – afsaka

ég biðst afsökunar/fyrirgefningar

L – leysa

getum við fundið lausn?



JÁKVÆÐUR AGI

Leitum ávallt lausna



JÁKVÆÐUR AGI

Markmið í uppeldi

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif uppeldisaðferðir hafa. Þær aðferðir sem notaðar eru ættu að hafa jákvæð og uppbyggjandi langtíamarkmið. Refsing getur til að mynda stöðvað ákveðna hegðun um stund en aftur á móti getur hún leitt til lítils sjálfsálit, skorts á hugrekki og sjálfsöryggi, uppreisnar, hefndar og ótta við að mistakast. Í kjölfarið gætu samskipti einkenst af valdabaráttu eða hefnd.

Börn þróa ekki með sér ábyrgðarkennd ef fullorðnir eru of stýrandi og stífir. Ekki heldur ef þeir eru of eftirgefanlegir. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu.



Bekkjafundir / barnafundir

Bekkjafundir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa sig í öruggu umhverfi. Því er lögð mikil áhersla á að kenna rétta framkvæmd þeirra, þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft.

Í framkvæmd fundanna er lögð áhersla á eftirfarandi:

Dagskrá

gæðahrings/bekkjafundar

- 1. Við myndum hring**
- 2. Við hrósum og þökkum**
- 3. Við förum yfir fyrri ákvarðanir**
- 4. Við tökum fyrir mál:**
 - Deilum tilfinningum og skoðunum – aðrir hlusta
 - Ræðum án þess að leysa – fáum fram hugmyndir
 - Veljum lausnir
- 5. Við tökum fyrir önnur mál og verkefni**
- 6. Við ljúkum fundinum á jákvæðan hátt**



JÁKVÆÐUR AGI